

# STJÓRNARTÍÐINDI B 62 – 2001

14. júní 2001

1179

Nr. 461

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50/1984 um notkun eiturefna og hættulegra efna í landbúnaði og garðyrkju og til útrýmingar meindýra.

1. gr.

5. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar verður svohljóðandi:

Veita má leyfi til innflutnings á efnum, sem ekki hafa hlotið viðurkenningu og verið skráð, ef um tilraunastarfsemi er að ræða eða leysa þarf bráðan vanda, sem ekki verður leystur á annan hátt. Slíkar undanþágur skulu miðast við takmarkað magn eða vera veittar í afmarkaðan tíma, að hámarki í eitt ár í senn. Umsóknnum um undanþágur skulu fylgja meðmæli sérfræðinga Bændasamtaka Íslands, sérfræðinga Rannsóknastofnunar landbúnaðarins eða annarra dómbærra manna. Leita skal álits Hollustuverndar ríkisins varðandi þá skilmála er um undanþáguna skulu gilda.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 16. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, með síðari breytingum.

Reglugerðin tekur gildi við birtingu.

*Umhverfisstjórnuneytinu, 14. júní 2001.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

19. júní 2001

Nr. 462

## AUGLÝSING

um innflutning tiltekinna matvæla frá Evrópusambandinu og EFTA-ríkjunum.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á vörum frá Evrópusambandinu og EFTA-ríkjunum sem innihalda kjöt af nautgripum, sauðfé, geitum, svínnum og falla undir eftirfarandi tollflokka:

1901.2023	1902.2029	1902.3021	1902.4021	2004.9006
1901.2043	1902.2041	1902.3029	1902.4029	2005.9001
1902.2021	1902.2042	1902.3041	1904.9001	2106.9064
1902.2022	1902.2049	1902.3049	1905.9051	